

Námskrá 1. bekkur

Verkgreinar – Textílmennt


Textílmennt: Námsgreinin byggir á rótgróinni handverkshefð. Hún hefur þróast áfram og áherslur breyst í takt við nýja tíma og breytta áherslu í menntun og uppeldi. Textílnám byggist m.a. á tækniþekkingu, þekkingaröflun, hugmyndavinnu og sköpun þar sem nemendur vinna með efni og áhöld greinarinnar á sjálfstæðan hátt. Lögð er áhersla á framkvæmd og ferli sem gefur nemendum tækifæri til að beita fjölbreyttum aðferðum og skilja eðli og eiginleika greinarinnar. Mikilvægt er að nemendur kynnist umhverfisvernd, endurnýtingu og sjálfbærni.

Vinnulag: Nemendum er kennt í hóp. Sýnikennsla fer fram fyrir hvern og einn nemanda. Einnig munnlegar leiðbeiningar. Allir nemendur fá sömu verkefni en vinna mismikið í þeim.

Námsmat: Nemendur fá hæfnieinkunn að vori sem byggð er á símati/leiðsagnarmati.

Kennarar: Þórunn M. Eggertsdóttir.

Tímaáætlun: Kennt er í lotum og þær eru fjórskiptar. Nemendur fá kennslu einu sinni í viku í 80 mínútur í senn.



Námskrá 1. bekkur

Grunnbættir menntunar:	Nemandi:
Heilbrigði og velferð	• beitir rétttri líkamsstöðu við vinnu sína, • nýtir styrkleika sína í vinnu, • hefur sjálfstraust til að fara eigin leiðir að markmiðum sínum, • gætir öryggi síns og annarra í meðferð efna og áhalda.
Jafnrétti	• sýnir umburðarlyndi og tekur þátt í þroskandi vinnu með öðrum, • tekur tillit til skoðana annarra og verka, • þekkir og virðir mismunandi hefðir í fjölmennings þjóðfélagi.
Lýðræði og mannréttindi	• kemur fram við aðra af tillitssemi og virðingu, • temur sér siðferðileg gildi í umgengni sinni við aðra, • vegur og metur viðfangsefni sín á gagnrýnninn hátt, • ber virðingu fyrir eigin gildismati og annarra.
Læsi	• tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem tengjast þeim, • er læs á menningu og menningarverðmæti, • er læs á mismunandi listform, • er læs á tækni og getur nýtt sér leiðbeiningar við hönnun og sköpun.
Sjálfbærni	• notar leiðbeiningar á sjálfstæðan hátt við vinnu sína, • sýnir frumkvæði og sjálfstæði og tekur virkan þátt í verkefnum, • þróar með sér gagnrýna hugsun og nýtir hana á uppbyggilegan hátt, • tileinkar sér nýtni og nægjusemi, • áttar sig á eigin vistspori og hnattvænum áhrifum þess, • temur sér heilbrigða lífshætti og hagsýni og upplifir sig sem hluti af heild,

Námskrá 1. bekkur

	• hefur vilja til náttúruverndar og virðingu fyrir fjölbreytileika náttúru og mannlífs.
Sköpun	• sýnir frumkvæði og nýtir tæknina á skapandi hátt, • nýtir hæfileika sína á skapandi hátt, • tekur þátt í skapandi menningarstarfi, • leitar lausna á eigin forsendum og mótar viðfangsefni eftir eigin áætlun.

Námskrá 1. bekkur

Textílmennt við lok 1. bekkjar:			
Hæfniviðmið Nemandi getur:	Námsefni	Kennsluhættir	Námsmarkmið:
<u>Handverk, aðferðir og tækni</u> - notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum - unnið eftir einföldum leiðbeiningum	- Ýmis gögn og uppskriftir frá kennara. - Facebook síða FÉTEX, Félag textílkennara.	- munnlæg fyrirsmæli og sýnikennsla frá kennara - vaxandi hugarfar og seigla í vinnubrögðum	<u>Að nemandi:</u> - kynnist áhöldum sem tilheyra greininni og þjálfist í að nota þau. - læri einföld útsaumsspor. - geti klippt út einföld form í textílefni.
<u>Sköpun, hönnun og útfærsla</u> - tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu - skreytt textílvinnu á einfaldan hátt þegar við á		- sjálfstæð vinnubrögð - skýr innlögð verkefna - fyrirmyndarverkefni (sýnishorn)	<u>Að nemandi:</u> - geti unnið með margvísleg efni. - geti valið efni og liti fyrir verkefnið sitt. - læri að vinna sjálfstætt þegar við á.
<u>Menning og umhverfi</u> notað ný og endurunnin efni í textílvinnu		- umræður um íslensku ullina - góð nýting á hráefnum	<u>Að nemandi:</u> - geri verkefni úr fildi, kembu, garni og fl. - læri að nota efnisafganga sem til falla (fild) í verkefni sitt. - Læri að þæfa og noti til þess kembu, volgt vatn og sápu.